Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1519
komudagur 14.3.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2012

Umsögn Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um frumvarp til laga um málefni innflytjenda, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 857 – 555. mál.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi þakkar fyrir tækifærið að veita umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda. Samtökin hafa í mörg ár bent á, í ræðum og riti, að íslenska löggjöfin tekur ekki til málefna innflytjenda á annan hátt en gert er í lögum um útlendinga (lög nr. 26 frá 2002). Þessi lög fjalla aðeins um heimild útlendinga til að koma til landsins og leyfi til að dvelja hér á landi. Miðað við þróun íslensks samfélags síðastliðna áratugi og fjölgun innflytjenda sem kjósa að setjast hér að var löngu tímabært að viðurkenna tilvist þeirra í íslenskri stjórnsýslu.

Við undirbúning frumvarpsins var náið samráð haft við innflytjendaráð. Það skal tekið fram að tvær af stjórnarkonum Samtaka kvenna af erlendum uppruna, Tatjana Latinovic og Barbara Kristvinsson, eiga sæti í innflytjendaráði og hafa tekið virkan þátt í þeirri vinnu.

Samtökin álíta frumvarpið vera stjórnsýslufrumvarp, af því að það fjallar aðallega um lögfestingu tilvistar og starfsemi Fjölmenningarseturs og innflytjendaráðs. Markmið frumvarpsins er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna og sjá til þess að tekið verði tillit til hagsmuna og skoðana innflytjenda við ákvarðanatökur innan stjórnsýslunnar í málefnum sem þá varða. Frumvarpinu ber að fagna sem stóru skrefi í rétta átt, þó að margt sé enn ógert.

Stjórn Samtakanna samanstendur af innflytjendakonum sem hafa breitt tengslanet í innflytjendasamfélög hér á landi. Ein stærsta áskorunin að okkar mati er upplýsingagjöf og samþætting hennar. Margt hefur verið gert í að bæta upplýsingagjöf á liðnum árum en allt of oft kemur það fyrir að upplýsingar sem eru aðgengilegar á einum stað, hjá einni stofnun eða í einum landshluta ná bara til afmarkaðs hóps. Samlegðaráhrifin eru ekki nýtt. Það er okkar von að með lögum þessum og aðgerðum sem munu fylgja í kjölfarið verður ráðin bót á þessu.

Að okkar mati ætti að koma skýrt fram að hagsmunir innflytjenda séu samþættir íslenskri löggjöf og leggjum til þessa breytingu á fyrstu grein laga:

1. gr. Hagsmunir innflytjenda séu samþættir allri ***löggjöf***, stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu hins opinbera.

8. gr. frumvarpsins er mjög mikilvæg, þ.e. að fjórða hvert ár skuli ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda þar sem meðal annars skuli koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á hverjum tíma.

Það er mjög mikilvægt að slíkri framkvæmdaáætlun fylgi nauðsýnlegt fjármagn. Sem dæmi um áríðandi mál er varða innflytjendur er íslenskukennsla og réttur til túlkaþjónustu.

Framboð íslenskukennslu og aðgengi að henni hefur stóraukist á síðastliðnum árum og því ber að fagna. Hinsvegar er mörgu ábotavant í menntun kennara í íslensku sem öðru máli og starfsréttindi þeirra engin, sem hamlar stórlega þróun í þessum mikilvæga málaflokki.

Sömu sögu er að segja um menntun og réttindi samfélagstúlka. Í þessu lagafrumvarpi var ekki talið heppilegt að hafa ákvæði um túlkaþjónustu, enda ekki fjallað almennt um réttindi og skyldur innflytjenda að öðru leyti. Einungis er tekið fram að æskilegt sé að móta heildarstefnu um túlkaþjónustu. Samtök kvenna af erlendum uppruna hvetja stjórnvöld til að móta og innleiða heildarstefnu um túlkaþjónustu eins fljótt og auðið er, enda um mjög mikilvæg hagsmunamál að ræða. Við bendum í því sambandi á grein eftir stjórnarkonu okkar Sabine Leskopf um þetta málefni sem birtist í Fréttablaðinu 10. mars sl. og er einnig aðgengileg á http://www.visir.is/mamma,-eg-held-ad-thu-sert-med-krabbamein/article/2012703109897.

Eins og bent er á í athugasemdum við frumvarpið, þá stefna stjórnvöld að því að innleiða tilskipun nr. 2000/43/EB um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis (Council Directive implementing the principle of equal treatment between persons irrespective of racial or ethnic origin) samhliða innleiðingu tilskipunar nr. 2000/78/EB um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi (Council Directive establishing a general framework for equal treatment in employment and occupation). Samtök kvenna af erlendum uppruna fagna þessari áætlun og hvetja stjórnvöld að innleiða þessar tilskipanir eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Barbara J Kristvinsson

Barbara Jean Kristvinsson

Formaður